



## Undirbúningur fyrir myndatöku

Hér fyrir neðan eru tilgreindir þeir helstu punktar sem þarf að hafa í huga til að eignin myndist sem best. Þegar ljósmyndari kemur á staðinn mun hann að sjálfsögðu leiðbeina eigendum með aðra hluti og veita ráðgjöf. Oft þarf að færa til hluti á milli herbergja í miðri myndatöku og er það hluti af þjónustunni.

Ekki er nauðsynlegt að mynda bílskúr, þvottahús, búr og geymslu en ef þau rými eru mjög snyrtileg að þá eru þau að sjálfsögðu mynduð líka.

### **Almennt:**

- Draga frá öllum gardínum
- Hafa kveikt á öllum ljósum og lömpum
- Hafa slökkt á öllum skjám
- Fjarlægja allt sem fylgir gæludýrum
- Fallegar plöntur/blóm gera oft mikið fyrir rými
- Þrifa glugga að utan og innan

### **Stofa:**

- Fjarlægja fjarstýringar af borðum
- Hafa slökkt á sjónvarpi
- Hafa hæfilega mikið af kertastjökum, vösum og öðru smádóti á borðum og í gluggakistum
- Raða dóti fallega sem eru í hillum og ekki hafa of mikið af dóti í þeim
- Fallegar plöntur gera oft mikið fyrir þetta rými

### **Baðherbergi:**

- Fjarlægja alla sjampóbrúsa og annað dót sem er í sturtunni eða á baðkarinu
- Fjarlægja tannkrem, tannbursta og annað dót af baðherbergisinnréttingunni, þó er í lagi að hafa nokkra skrautmuni.
- Fjarlægja baðmottur, ruslatunnu, baðviggt og þess háttar
- Lítil og falleg pottaplanta gerir oft mikið í þessu rými
- Þrifa spegla og sturtugler

## **Svefnherbergi:**

- Búa um rúm helst með rúmteppi og nokkrum púðum
- Fjarlægja óþarfa dót af náttborðum, þó er í lagi að hafa bók og/eða lítinn skrautmun
- Fjarlægja færanlega fataslá
- Fjarlægja óþarfa dót á skrifborðum, þó í lagi að hafa t.d. Fartölvu/bók og eitthvað lítið á því
- Brjóta saman föt í opnum fataskápum

## **Eldhús:**

- Ekki hafa of marga hluti og tæki á eldhúsborðum, þau minnka borðpláss.
- Þrifa ísskápinn og fjarlægja segla og annað dót á honum
- Fjarlægja eldhúsmottu
- Þrifa helluborð
- Þrifa skápahurðir svo ekki sjáist fingraför
- Ef pláss er fyrir skál með ávöxtum býr það til góða stemningu t.d. bananar, appelsínur og lime
- Fjarlægja allt af efri skápum

## **Þvottahús:**

- Fjarlægja óhreina tu
- Fjarlægja þvott úr þvottavél
- Hafa þvottavél og þurrkara lokuð

## **Útisvæði:**

- Hafa inngang snyrtilegan
- Fjarlægja bíl/bíla úr innkeyrslu
- Moka innkeyrslu ef það er snjór
- Slá grasið og hafa garðinn snyrtilegan



eignamyndbönd.is